

Flutt kr. 1028,35

136

- b. Vegabótakostnaður — 811,50
- c. Eptirstöðvar:
1. af niðurjöfnunargjaldi . kr. 646,84
 2. af vegagjaldi — 991,14 — 1637,98 — 3477,83

Íslands suðuramt, Reykjavík 19. nóvbr. 1886.

E. Th. Jónassen.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til nmtmannsins yfir suðuramtinu og vestur- **137**
amtinu um hallærislán. — Með brjefi þessu var sýslunefndinni í Kjósar- og Gullbringu- 2. nóv.
 sýslu veitt 1500 kr. lán úr landssjóði til að afstýra hallæri í Vatnsleysustrandarhreppi,
 þannig að lán þetta verði ávaxtað með 4% á ári og endurborgað á 8 árum með $\frac{1}{8}$
 árlega eða á þann hátt, sem alþingi síðar kann að ákveða.

Apturköllun á leyfisbrjefi fyrir heimilisgrafreit. — Samkvæmt brjefi ráðgjafans **138**
 fyrir Ísland hefir ónýtt verið, 25. septbr. p. á, leyfisbrjef það, er út var gefið 30. júní 25. sept.
 f. á. handa Jóni Bergssyni í Brokey til að gjöra heimilisgrafreit handa sjer og sínum á
 nefndri eyju og sem prentað er í B-deild Stjórnartíðindanna 1885, bls. 107.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um eptir- **139**
gjaldslíun og póknun úr umboðssjóði handa þjóðjarðarlandseta. — Samkvæmt tillög- 30. nóv.
 um yðar, herra amtmaður, í póknanlegu brjefi dagsettu 29. sept. p. á, sem byggðar eru
 á skoðunargjörð hlutaðeigandi úttektarmanna og skýrslu umboðsmannsins yfir Munka-
 pverárklaustursumboði, veiti jeg samþykki mitt til, að leiguliðinn á umboðsjörðunni
 Hvassafelli sökum skemmda þeirra, sem*tún og engjar ábúðarjarðar hans urðu fyrir af
 skriðu í ágústmánudi f. á. verði eptir fyrirmælum 17. gr. í lögum 12. janúar 1884, um
 bygging, ábúð og úttekt jarða, aðnjótandi þeirrar linunar í landsskuldargjaldinu eptir
 jörðina, að það færist niður um 26 meðalálnir fyrir fardagaárið 1885–86 og 7 næstu
 fardagaár á eptir.

Sömu leiðis fellst jeg á, eptir tillögum hlutaðeigandi umboðsmanns og meðmæl-
 um yðar, að leiguliðanum á fyrnefndri umboðsjörð, Benedikt sýslunefndarmanni Jó-
 hannessyni, sem samkvæmt ráðherrabrjefi 16. septbr. 1875 var gefið fyrirheiti um pókn-
 un, ef hann hreinsaði burt skriðu, sem fjell á tún jarðarinnar það ár, og hlæði varnar-
 garð fyrir skriðuhlaupum, veitist 150 kr. póknun úr umboðssjóði fyrir umgetna jarða-
 bót, sem eptir álitu úttektarmanna er vel og vandlega af hendi leyst og hefir kostað að
 minnsta kosti 600 kr.

Þetta gefst yður til vitundar, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til
 frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um auka- **140**
kosningu til alþingis. — Þaræð þingmaður Vestmanneyinga, Þorsteinn Jónsson, er and- 30. nóv.